



Suðurnesjarally 2021

4. - 5. júní

Til keppnisstjóra og keppanda ökutækis nr. 5

Málsatvik

Keppnisstjóri tilkynnti dómnefnd að sést hafi til viðgerðarbíls nálægt ökutæki nr. 5 sem lagt var á bílastæði fyrir framan Hafnargötu 88 í Reykjanesbæ þegar ökutækið var á ferjuleið eftir sérleið 6. Viðgerðarmenn voru við ökutækið. Vitni að framangreindu væru Arnar Árnason og Eiríkur Kristjánsson en þeir eru undanfarar í keppinni.

Málsmeðferð

Dómnefnd tók málið til skoðunar á fundi að Njarðarbraut 9 kl. 22.05 föstudaginn 4. júní. Ákveðið var að boða áhöfn ökutækis nr. 5 ásamt Arnari og Eiríki í undanfara 0 til skýrslutöku á Njarðarbraut 9 kl. 22.15 föstudaginn 4. Júní.

Kl. 22.15 hófst skýrslutaka þar sem dómnefnd var viðstödd ásamt öllum boðuðum. Áhöfnin ökutækis nr. 5, Fylkir Jónsson og Heiða Karen Fylkisdóttir byrjuðu á að segja frá sinni hlið málsins. Sögðust þau hafa lagt ökutækinu til að skoða ástand þess en það hegðaði sér sérkennilega í akstri. Örskömmu seinna hefði þjónustubíll þeirra lagt við hlið ökutækisins og viðgerðarmaður stigið út úr þjónustubílnum. Ekkert hefði verið átt við ökutækið né nein verkfæri notuð á staðnum.

Undanfarar 0, Arnar Árnason og Eiríkur Kristjánsson, sögðust hafa ekið Hafnargötu og séð að gulur viðgerðarbíll var að nema staðar nálægt ökutæki nr. 5 fyrir framan hús nr. 88. Aðspurðir sögðust þeir ekki hafa séð að aðrar hurðar á þjónustubílnum en bílstjóraturð hafi verið opnaðar, ekki að átt hafi verið við ökutækið af þjónustumanni eða verkfærum beitt.

Niðurstaða

Ósannað þykir að gert hafi verið við ökutæki nr. 5 fyrir framan Hafnargötu 88 í Reykjanesbæ, enda hafa ekki gefið sig fram vitni sem bera að svo hafi verið.

Úrskurður

Dómnefnd telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu

Undirritun formanns dómnefndar	Sigfús Þór Sigurðsson
Úrskurður afhentur keppanda (Dagsetning og tími)	4.júní 2021 kl 22.58



Akstursíþróttasamband
Íslands

Úrskurður dómnefndar

Úrskurður móttækinn af keppanda (undirritun)	
---	--